

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Þegar norsk-íslensk síld er reiknuð til þorskígilda skal miða við verðmætastuðulinn 0.12.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. maí 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Mariubaugur, Ingunnarskóli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Mariubaug 1, Ingunnarskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Smiðshöfði 19.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. febrúar 2003, breytingu á deiliskipulag fyrir Smiðshöfða 19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.